



Erindisbréf fyrir aðstoðarskólustjóra Grunnskóla Húnaþings vestra

1. gr.

Aðstoðarskólustjóri, sem ráðinn er til starfa í grunnskóla Húnaþings vestra, skal gegna því samkvæmt lögum, reglugerðum, aðalnámskrá grunnskóla, erindisbréfi, kjarasamningum og starfsmannastefnu Húnaþings vestra. Skólustjóri ræður aðstoðarskólustjóra að höfðu samráði við sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

2. gr.

Aðstoðarskólustjóri er staðgengill skólustjóra. Þegar aðstoðarskólustjóri leysir skólustjóra af um lengri eða skemmri tíma lýtur hann erindisbréfi fyrir skólustjóra. Hann situr fundi skólaráðs. Næsti yfirmaður aðstoðarskólustjóra er skólustjóri.

3. gr.

Aðstoðarskólustjóri er ásamt skólustjóra faglegur forystumaður innan skólans og tekur þátt í mótun staðblæs og menningar. Honum ber að kynna sér eftir föngum störf kennara og veita þeim allt það lið sem hann má með ráðgjöf, hvatningu og hrósi. Komi í ljós verulegar misfellur í starfi kennara skal aðstoðarskólustjóri gera skólustjóra viðvart.

4. gr.

Aðstoðarskólustjóri tekur þátt í stefnumótun skóla. Hann vinnur ásamt öðrum eftir atvikum að gerð skólanámskrár, þróunar- og umbótaáætlunar, endurmenntunaráætlunar, innra mats og stuðlar að virkri þátttöku kennara eftir tilefni hverju sinni.

5. gr.

Aðstoðarskólustjóri ásamt skólustjóra sér um framkvæmd stundaskrár og skipuleggur forfallakennslu vegna tímabundinna forfalla kennara og frístund. Hann heldur forfallaskrá ásamt skólustjóra.

6. gr.

Aðstoðarskólustjóri skal hafa hagsmuni nemenda að leiðarljósi og láta sér annt um velferð þeirra. Hann skal gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er hann fær vitneskju um í starfi og er bundinn þagnarskyldu sem helst þótt látið sé af starfi.

7. gr.

Aðstoðarskólustjóri ásamt skólustjóra fer með mál er varða starfsfólk og nemendur. En að öðru leyti fer verkaskipting skólustjórna eftir nánara samkomulagi.

8. gr.

Fái aðstoðarskólustjóri upplýsingar um að misbrestur sé á skólasókn nemanda, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður valdi, skal hann leita úrbóta.

9. gr.

Aðstoðarskólustjóri sinnir öðrum þeim verkefnum sem skólustjóri felur honum.

3. kafli Starfsfólk.

17. gr.

Skólustjóra ber að kynna sér eftir föngum störf kennara og annarra starfsmanna skólans og árangur þeirra. Honum ber einnig að gera sér far um að veita kennurum og öðrum starfsmönnum skólans allt það lið sem hann má og skal hafa forgöngu um að endurmenntunaráætlun skólans gefi öllum starfsmönnum kost á að bæta árangur sinn og starfshæfni.

Skólustjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Ætíð skal boða fund ef þriðjungur kennara skólans æskir þess. Skólustjóra ber einnig að halda starfsmannafund a.m.k. einu sinni á ári.

18. gr.

Komi upp ágreiningur á milli skólustjóra, kennara, kennararáðs, kennarafundar eða annars starfsfólks sem ekki tekst að leysa innan skóla ber skólustjóra að vísa málinu til fræðsluráðs. Ef samkomulag næst ekki úrskurðar sveitarstjórn og/eða menntamálaráðuneytið í málinu eftir eðli þess. Ákvörðun skólustjóra gildir þar til úrskurður liggur fyrir nema samkomulag hafi orðið um annað.



19.gr.

Telji skólastjóri að kennari eða annar starfsmaður skóla hafi gerst brotlegur í starfi skal hann veita viðkomandi áminningu, fyrst munnlega og síðan skriflega og jafnframt tilkynna ástæður áminningarinnar til sveitarstjóra og formanns fræðsluráðs. Verði ekki ráðin bót á þeim atriðum er áminningu varðar eða brot starfsmanns varðar við önnur lög getur skólastjóri veitt skipuðum eða ráðnum starfsmanni lausn frá störfum um stundasakir á meðan málið er rannsakað og skal þá skólastjóri afhenda sveitarstjóra Húnaþings vestra málið til formlegrar lúkningar.

20.gr.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri skulu hafa með sér ákveðna verkaskiptingu og hún kynnt starfsmönnum skólans og samstarfsaðilum. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra.

21.gr.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í forföllum hans hefur rétt til setu á fræðsluráðsfundum þegar fjallað er sérstaklega um málefni viðkomandi skóla.

22.gr.

Erindisbréf þetta gildir jafnframt fyrir staðgengil skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra eftir því sem við á.

23.gr.

Erindisbréf þetta er byggt á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla.